

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranesi

Garðabær, 23. maí 2025
202504-0142/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar- Kúludalsárland Hvalfjarðarsveit.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar, dags. 24. apríl 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruverndarstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020–2032. Breytingin tekur til svæða á Kúludalsárlandi 2 og 4, þar sem fyrirhugað er að breyta landnotkun frístundabyggðar og landbúnaðarlands í íbúðarbyggð og athafnasvæði. Stofnunin veitti umsögn á lýsingarstigi sem einnig er hægt að horfa til.

Svæðislýsing og staðsetning

Skipulagssvæðið nær til tveggja afmarkaðra hluta beggja vegna Kúludalsár, samtals um 23,5 ha. Vestan ár er fyrirhugað að breyta landbúnaðarsvæði (5,4 ha) í íbúðarbyggð, en austan ár er gert ráð fyrir breytingu á frístundabyggð í annars vegar athafnasvæði (7 ha) og hins vegar landbúnaðarland (11 ha). Svæðið er í nálægð við Vesturlandsveg og tengist annarri landbúnaðar- og athafnastarfsemi í Hvalfirði.

Verndarsvæði og áhrif

Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar eru á eystra svæðinu vistgerðir sem njóta hátt til mjög hátt verndargildis, þar á meðal starungsmýrarvist og grasengjavist. Slíkar vistgerðir eru mikilvægar fyrir líffræðilega fjölbreytni og geta verið búsvæði fuglategunda sem taldar eru til ábyrgðartegunda Íslands.

Á slíkum svæðum er algengt að finna fuglategundir á borð við lóupræl (*Calidris alpina*), spóa (*Numenius phaeopus*), þúfutittling (*Anthus pratensis*), stélk (*Tringa totanus*) og jaðrakan (*Limosa limosa*). Þessar tegundir nýta gróið, rakt graslendi og mýrlendi til varps, fæðunáms og hvíldar.¹

Lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands og samkvæmt gögnum frá Náttúrufræðistofnun og niðurstöðum talninga hefur dregið verulega úr stofnstærð þeirra víða á láglendi landsins undanfarna áratugi. Samkvæmt talningum mófugla á Suðurlandi hefur orðið marktæk fækkun m.a. á lóupræli, spóa, þúfutittlingi og heiðlóu. Þessi þróun tengist m.a. aukinni uppbyggingu mannvirkja og röskun vistgerða.²

Í greinargerð kemur fram að landið hafi verið ræst fram og að óvissa sé um útbreiðslu votlendisvistgerða innan svæðisins. Náttúruverndarstofnun bendir á að slík óvissa um náttúrufar gerir það að verkum að erfitt er að leggja mat á áhrif fyrirhugaðrar landnotkunar með fullnægjandi hætti.

¹ www.ni.is

² <https://moi.hi.is>

Í greinargerð kemur fram að skurðagerð hafi raskað hluta eystra svæðisins, en jafnframt að óvissa sé um hvort og að hve miklu leyti votlendisvistgerðir séu enn til staðar. Samkvæmt 4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 skal gera grein fyrir slíkri óvissu í aðalskipulagi og jafnframt gera ráð fyrir frekari rannsóknarvinnu á síðari stigum, svo sem við gerð deiliskipulags.

Náttúruverndarstofnun leggur því áherslu á að:

- Í aðalskipulagsbreytingunni verði sett stefna um að kortlagningu vistgerða og fuglabúsvæða verði lokið áður en deiliskipulag er staðfest. Í kafla um framtíðarsýn í aðalskipulagi sveitarfélagsins kemur fram að eitt af meginmarkmiðum sveitarfélagsins sé „að standa vörð um gæði neysluvatns, andrúmslofts, líffræðilegan fjölbreytileika og viðkvæmar tegundir til að stuðla að áframhaldandi búsetu í sátt við náttúruna“³
- Ákvæði verði sett í aðalskipulag og greinargerð þess efnis að við deiliskipulagsgerð fari fram nánari greining á vistgerðum og fuglalífi og að landnotkun kunni að taka mið af niðurstöðum hennar.
- Mótvægisaðgerðir verði skilgreindar sérstaklega með það að markmiði að draga úr röskun vistgerða og varðveita búsvæði fugla.

Ályktun og ráðleggingar

Stofnunin telur að áhrif breytingarinnar á náttúrulegar vistgerðir og fuglalíf verði ekki metin með viðunandi hætti án staðfestingar á náttúrufarslegum forsendum. Vernd votlendisvistgerða og fuglabúsvæða með háu verndargildi er í samræmi við markmið laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og einnig stefnu landsskipulags um vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Náttúruverndarstofnun leggur til að breytingunni verði aðeins fylgt eftir með skýrum skilyrðum um kortlagningu náttúrufars, vandaða deiliskipulagsgerð og mótvægisaðgerðir sem tryggja að ekki verði gengið á vistgerðir eða fuglabúsvæði sem njóta verndar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

sérfræðingur

³ <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=KhGRFvPBUEytPYMWodcoMQ>